

1606484 - Minnisblað vegna verkefnis verndarsvæði í byggð – Garðahverfi

Garðabæ hlaut styrk um 5,1 mkr. frá húsfriðunarsjóði Minjastofnunar Íslands fyrir Garðahverfið sem minjasvæðis í byggð. Að mati umsækjenda er deiliskipulag fyrir Garðahverfið 2013 nálægt því að uppfylla kröfu um að geta hlotið heitið *verndarsvæði í byggð*. Deiliskipulagið vann Alta ráðgjöf, var því rökrétt að leita til Alta um framvindu verkefnisins að hljóta útnefningu sem verndarsvæði í byggð og að ljúka markmiðum sem koma fram í umsókn til sjóðsins.

Þann 1.12.16 fór undirrituð og Halldóra Hreggviðsdóttir frá Alta til fundar við Minjastofnun varðandi næstu skref verkefnisins. Á þeim fundi kom skýrt fram hvað styrkþegi þyrfti að uppfylla s.s. að undirrita samning milli Minjastofnunar og Garðabæjar og fá ráðgjafa til verkefnisins.

Styrkveitingin er sundurliðuð í verkþætti sjá samning Minjastofnunar, í 3.gr. er krafist verkáætlunar frá styrkþega sem styrkveitandi þarf að samþykkja. Heimilt er að færa kostnað milli einstakra verkþátta með fengnu samþykki Minjastofnunar.

Verkþættir:

1. Alta geri verkáætlun um hvað þurfi til að Garðahverfi hljóti heitið *verndarsvæði í byggð*, sem forsætisráðuneyti þarf að samþykkja að umsögn Minjastofnunar. Áætl. 20-25 vinnustundir.
2. Húsakönnun fyrir Garðahverfi er enn í drögum, ekki fullkláruð. Alta ljúki uppsetningu húsakönnunnar og sendi Minjastofnun sem setur húsakönnunina uppá www.minjastofnun.is áætlað 5-10 vinnustundir.
3. Fornleifaskráning var ekki gerð með deiliskipulagi Garðahverfis, heldur árið 2003 við rammaskipulag Garðaholts. Aðrar kröfur eru gerðar í nýjum lögum um skráningar fornleifa í dag. Ragnheiður Traustadóttir fornleifafræðingur mun mæla upp sýnilegar minjar sem eru um 150 og ljósmynda sem skila þarf Minjastofnun í rafrænu formi, en telur að ekki þurfi að endurskoða texta fyrri fornleifaskýrslu 2004. Ragnheiður áætlar 40 – 50 vinnustundir.
4. Alta mun gera greinargerð með mati á varðveislugildi sem tillögu að Garðahverfið yrði *verndarsvæði í byggð* til bæjarstjórar í Garðabæ til samþykktar. Vinnsla greinargerðina fer eftir svari Minjastofnunnar við 1. lið.
5. Eftir að Garðahverfi hefur hlotið titillinn *verndarsvæði í byggð* eru næstu skref verkefnisins að kynna hverfið t.d. með uppsetningu efnis á vef um Garðahverfi verndarsvæði í byggð. Áætlaðar 20 vst. Einnig merkja app gönguleiðir um Garðahverfið með fróðleik, sem yrði viðbót við bæjarins við Einar Skúlason.
6. Lokamarkmið verkefnisins er uppbyggingaráætlun sem felst m.a. í því að kynna hverfið fyrir áhugasömu fólki sem gæti haft áhuga á að byggja sér þar heimili í anda deiliskipulags Garðahverfis. Uppbyggingaráætlunina og samráð við íbúa yrði gerð af Alta, umfang hennar skýrist eftir svari Minjastofnunar við lið 1.

Erla Bil Bjarnardóttir, umhverfisstjóri